

	1	5	10
Lýsing verkefnis	Lýsing á verkefninu er ófullnægjandi, markmið óljós, rökstuðningur takmarkaður og afurð óljós.	Lýsing á verkefninu takmörkuð, markmið og rökstuðningur í lagi, líklegt að verkefnið skili ásættanlegri afurð.	Lýsing á verkefninu er skýr og skilmerkileg, markmiðin ljós, rökstuðningur góður og afurð verkefnisins ljós.
Verk- og tímaáætlun	Verk- og/eða tímaáætlun ófullnægjandi.	Verk- og/eða tímaáætlun ásættanleg.	Verk- og tímaáætlun, sundurliðuð og trúverðug, vörður skilgreindar.
Kostnaðaráætlun / Fjármögnun	Kostnaðaráætlun og/eða fjármögnun ófullnægjandi.	Kostnaðaráætlun og/eða fjármögnun ásættanleg.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun skýr og líkleg til að ganga eftir, vel sundurliðuð, trúverðug.
Áherslur/markmið sjóðsins	Ekki ljóst hvernig verkefnið tengist áherslum/markmiðum sjóðsins.	Verkefnið fellur að áherslum/markmiðum sjóðsins.	Verkefnið fellur mjög vel að áherslum/markmiðum sjóðsins.
Samfélags áhrif /virði	Verkefnið hefur lítil samfélagsleg áhrif og virði þess fyrir samfélagið óljóst.	Nokkrar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum og virði fyrir samfélagið.	Miklar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum á samfélagið.
Afurð / Afrakstur / Mælikvarðar	Afurð og afrakstur verkefnisins óljós. Mælikvarðar ekki skilgreindir.	Mælikvarðar eru ásættanlegir og líkur á að verkefnið nái fram að ganga og árangur náist.	Afurð og/eða afrakstur skýr. Trúverðugir mælikvarðar og miklar líkur á að verkefnið nái þeim árangri sem stefnt er að.
	1	10	20
Atvinnu- og nýsköpunargildi	Lýsing á atvinnu- og/eða nýsköpunargildi ófullnægjandi	Líkur á atvinnusköpun a.m.k. tímabundið og/eða nýsköpun sem eykur styrk svæðisins. Væntingar um aukna fagmennsku og fjölbreytni.	Verkefnið mun veita atvinnu og styrkja atvinnusköpun til lengri tíma. Miklar líkur á fjölgun starfa. Aukin fagmennska og fjölbreytni í störfum.
Heildarmat	Mjög litlar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Ofangreindir þættir benda ekki til þess að verkefnið takist vel. Bakgrunnur umsækjanda og forsendur verkefnisins eru ekki líklegar til þess að verkefnið muni ganga vel.	Líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Ofangreindir þættir benda til þess að verkefnið takist vel. Bakgrunnur umsækjenda og forsendur verkefnisins benda til þess að verkefnið muni ganga vel.	Miklar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Bakgrunnur umsækjenda og forsendur verkefnisins benda eindregið til þess að verkefnið muni ganga vel.